

Skorradalshreppur

Jón Einarsson, oddviti

Að beiðni oddvita Skorradalshrepps hefur undirritaður tekið saman eftirfarandi álit vegna fyrirhugaðrar styrkveitingar til Ungmennafélagsins Íslendinga að fjárhæð 36,6 millj. kr. Álit þetta er tekið saman í samræmi við ákvæði 66. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum, um miklar fjárfestingar og skuldbindingar. Lagaákvæðið er eftirfarandi:

Áður en sveitarstjórn tekur ákvörðun um fjárfestingu, framkvæmd eða aðra skuldbindingu sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum sveitarfélagsins yfirstandandi reikningsár er skylt að gera sérstakt mat á áhrifum hennar á fjárhag sveitarfélagsins. Hér undir falla m.a. framkvæmdir, fjárfestingar í eignum, samningar um þjónustu, sölu og endurleigu fasteigna, fjármögnunarsamningar, rekstrarleigusamningar og því um líkar ráðstafanir. Hér undir falla einnig ákvarðanir um veitingu ábyrgða skv. 69. gr. og þær ákvarðanir fyrirtækja og stofnana sveitarfélags sem leiða til þess að ábyrgðarskuldbindingar sveitarfélags hækka um sem nemur hærri fjárhæð en 20% af skatttekjum viðkomandi ár.

Í mati skal gera grein fyrir kostnaðaráætlun og forsendum hennar, áhrifum á fjárhag sveitarfélags til lengri tíma og áhrifum af rekstrarkostnaði sé um hann að ræða. Í þeim tilvikum sem fjárfestingu, framkvæmd eða skuldbindingu er skipt á fleiri en eitt tímabil eða einingar skal líta á ákvörðunina í heild sinni. Mat skal framkvæmt af sérfróðum aðila sem ekki er tengdur sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn Skorradalshrepps hefur nú til umræðu viðauka við fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 í tengslum við fyrirhugaða styrkveitingu til Ungmennafélagsins Íslendinga. Styrkveitingin felst í afsali eignarhlutar sveitarfélagsins í nýju aðstöðuhúsi við Hreppslaug. Fjárhæð styrkveitingar nemur bókfærðu virði eignarhlutarins þann 31. desember 2024. Um er að ræða styrkveitingu án endurgjalds af hálfu Ungmennafélagsins Íslendinga og er það gjaldfært í rekstrarreikningi sveitarfélagsins undir málaflokki 06 „Æskulýðs og íþróttamál“ á árinu 2025 samhliða afsali eignar.

Fyrirliggjandi er fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2025 og þriggja ára áætlun 2026-2028. Samkvæmt upplýsingum frá oddvita Skorradalshrepps felur styrkveitingin ekki í sér kvaðir um frekari framlög af hálfu sveitarfélagsins né á viðtakandi kröfurétt á hendur sveitarfélaginu komi síðar í ljós að fasteign sú er umræðir sé haldin ágöllum. Viðtakandi þekkir ástand umræddrar eignar samkvæmt upplýsingum sem stjórnendur hafa veitt undirrituðum. Viðtakandi ber frá og með afsali ábyrgð á rekstri og viðhaldi fasteignarinnar og hirðir af henni arð.

Eftirfarandi eru töflur þar sem fram kemur samanburður á helstu lykilstærðum A og B hluta með hliðsjón af ársreikningum árána 2023 og 2024 og samþykkttri fjárhagsáætlun árána 2025-2028.

Skorradalshreppur

Samanburður rauntalna og áætlana samstæða A og B hluta í þúsundum króna

Fjárhagsáætlun með viðauka vegna styrkveitingar						
Styrkfjárhæð 36,6 millj. kr.	Ársreikningur ársins 2023	Ársreikningur ársins 2024	Áætlun ársins 2025	Áætlun ársins 2026	Áætlun ársins 2027	Áætlun ársins 2028
Rekstrartekjur	188.256	190.947	164.000	152.550	156.050	159.950
Rekstrargjöld	139.663	150.945	163.151	91.855	85.855	80.855
Afskriftir	3.617	3.320	770	1.375	1.375	1.375
Fjármagnsliðir (fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld)	(4.939)	(1.411)	(2.537)	(5.300)	(5.300)	(5.300)
Rekstramiðurstæða	40.037	35.271	(2.458)	54.020	63.520	72.420
Veltufé frá (til) rekstrar	12.330	39.678	(3.688)	54.545	64.895	73.795
Skuldir	66.572	45.697	72.000	66.000	60.000	55.500
Skuldahlutfall	35%	24%	44%	43%	38%	35%
Rekstrarjöfnuður	15.516	54.146	72.850	86.833	115.082	189.960

Upphafleg áætlun án viðauka						
	Ársreikningur ársins 2023	Ársreikningur ársins 2024	Áætlun ársins 2025	Áætlun ársins 2026	Áætlun ársins 2027	Áætlun ársins 2028
Rekstrartekjur	188.256	190.947	164.000	152.550	156.050	159.950
Rekstrargjöld	139.663	150.945	126.514	91.855	85.855	80.855
Afskriftir	3.617	3.320	770	2.150	2.150	2.150
Fjármagnsliðir (fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld)	(4.939)	(1.411)	(2.537)	(5.300)	(5.300)	(5.300)
Rekstramiðurstæða	40.037	35.271	34.179	53.245	62.745	71.645
Veltufé frá (til) rekstrar	12.330	39.678	34.949	54.545	64.895	73.795
Skuldir	66.572	45.697	72.000	66.000	60.000	55.500
Skuldahlutfall	35%	24%	44%	43%	38%	35%
Rekstrarjöfnuður	15.516	54.146	109.487	122.695	150.169	187.635

Áhrif viðauka á helstu lykilstærðir rekstrar Skorradalshrepps						
	Ársreikningur ársins 2023	Ársreikningur ársins 2024	Áætlun ársins 2025	Áætlun ársins 2026	Áætlun ársins 2027	Áætlun ársins 2028
Rekstrartekjur	0	0	0	0	0	0
Rekstrargjöld	0	0	36.637	0	0	0
Afskriftir	0	0	0	(775)	(775)	(775)
Fjármagnsliðir (fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld)	0	0	0	0	0	0
Rekstramiðurstæða	0	0	(36.637)	775	775	775
Veltufé frá (til) rekstrar	0	0	(38.637)	0	0	0
Skuldir	0	0	0	0	0	0
Skuldahlutfall	0	0	0	0	0	0
Rekstrarjöfnuður	0	0	(36.637)	(35.862)	(35.087)	2.325

Við yfirferð framangreindra gagna verður ekki séð að áform um styrkveitingu hafi íþyngjandi langtímaáhrif á rekstur og fjárhag sveitarfélagsins, gangi áætlanir eftir að öðru leyti. Rekstrarjöfnuður A og B hluta sveitarfélagsins verður jákvæður á tímabilinu. Gert er ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu 2025 og jákvæðri rekstrarniðurstöðu árin 2026-2028. Stæða handbærs fjár hækkar á tímabilinu 2025-2028. Þá er skuldahlutfall sveitafélagsins (skuldir sem hlutfall af rekstrartekjum) vel undir þeim viðmiðunum sem sveitarstjórnarlög kveða á um. Auk þess á sveitarfélagið verulega fjármuni í handbæru fé.

Borgarnesi, 30. ágúst 2025

Virðingarfyllst,

Ólafur Sveinsson
hagverkfræðingur